



Alþingi  
Erindi nr. P 139/652  
komudagur 3.12.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 01.12.2010

0912028SA GB  
Málalykill: 180

### Efni: Umsögn um frv. um grunngerð landupplýsinga, 121. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga vísar til fyrri umsagnar sinnar um ofangreint mál, dags. 1. júní 2010, en frumvarpið er nú endurflutt með smávægilegum breytingum, þar sem nokkurt tillit hefur verið tekið til ábendinga sambandsins við 10. og 11. gr. frumvarpsins.

#### 1. Almenn um frumvarpið

Frumvarpið fjallar um landupplýsingar á stafrænu formi í eigu eða á vegum opinberra aðila. Í því felst ekki krafa um að unnar séu nýjar upplýsingar og verða sveitarfélögin því ekki fyrir auknum kostnaði af þeim sökum. Opinber gögn sem verða síðar til falla hins vegar undir tilskipunina ef þeirra er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu sem sveitarfélög gegna. Rétt er þó að hafa í huga að frumvarpið tekur ekki til prentaðra korta eða loftmynda á filmu þar sem gildissvið þess einskorðast eins og áður segir við stafræn gögn.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að bæta úr skorti á stefnumótun á sviði landupplýsinga hér á landi. Margar opinberar stofnanir, þar á meðal sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir þeirra, þurfa á landupplýsingum að halda til að rækja hlutverk sitt. Mjög hefur hins vegar skort á fullnægjandi aðgengi að slíkum upplýsingum sem meðal annars kann að hafa leitt til þess að margir opinberir aðilar hafi keypt eða safnað sömu eða sambærilegum upplýsingum í stað þess að samnýta þau gögn sem til eru.

Sambandið telur ástæðu til að geta þess að undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar af hálfu umhverfisráðuneytisins og Landmælinga Íslands hefur á margan hátt verið til fyrirmyndar. Unnar voru skýrslur um stöðu landupplýsinga hér á landi og var m.a. framkvæmd könnun meðal sveitarfélaga til að varpa ljósi á það hvaða landupplýsingar eru til hjá sveitarfélögum, hvernig þær eru varðveittar og hvort þær eru aðgengilegar almenningi. Könnunin leiddi í ljós að ástandið er mjög misjafnt en óhætt virðist að fullyrða að fjölmennustu sveitarfélögin standa mun betur að vígi en hin fámennari, eins og vænta mátti. Framangreindir aðilar hafa jafnframt unnið skipulega að því að kynna efni tilskipunarinnar og þess frumvarps sem nú liggur fyrir.



## 2. Möguleg kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin

Sambandið telur fyrst og fremst vera ástæðu til þess að áréttta fyrri athugasemdir um að kostnaðarumsögn umhverfisráðuneytisins er ófullnægjandi um væntan kostnaðarauka sveitarfélaga af frumvarpinu. Þannig segir m.a. í kostnaðarmati ráðuneytisins frá 18. mars 2010:

*„Kostnaður annarra ríkisstofnana, svo og sveitarfélaga mun verða einhver, aðallega innri kostnaður, og þá mest lauankostnaður og annar kostnaður meðan á innleiðingu stendur. Kostnaður einstakra stofnana mun ráðast að verulegu leyti af því í hvaða horfi gagnagrunnar og skráning gagna hjá viðkomandi stofnun er. Gengið er út frá því að við gildistöku laganna verði skráning allra gagna í samræmi við staðla INSPIRE tilskipunarinnar, en að eldri gögn og gagnagrunnum verði smám saman komið í staðlað form eins og tilskipunin gerir ráð fyrir. Kostnaður sá sem verður til vegna þessa dreifist á það níu ára tímabil sem innleiðingin stendur. Niðurstaða kostnaðarmats er sú að ein hver kostnaðarauki verði hjá sveitarfélögunum við að skrá gögnin skv. stöðlum tilskipunarinnar.“*

Sambandið telur rétt að umhverfisnefnd óski eftir því við ráðuneytið að lögð verði fram ný kostnaðarumsögn þar sem leitast verði við að meta raunveruleg kostnaðaráhrif frumvarpsins á sveitarfélögin. Ef ekki þykir unnt að verða við þeim tilmælum telur sambandið nauðsynlegt að sett verði á fót sérstök nefnd sem hafi það hlutverk að vakta áhrif tilskipunarinnar gagnvart sveitarfélögunum. Dæmi um slíkt fyrirkomulag er í II. bráðabirgðaákvæði við lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Með hliðsjón af þeim lögum gæti bráðabirgðaákvæði við lög um grunngerð landupplýsinga hljóðað svo:

*Frá gildistöku laga þessara til ársins 2020 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur samkvæmt tilnefningu Sambands Íslenskra sveitarfélaga og tveimur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með innleiðingar INSPIRE-tilskipunarinnar hér á landi. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því fyrir sveitarfélögin. Nefndin skal reglulega skila skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands Íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt. Tilnefningaraðilar skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í nefndinni.*

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri